

Ívar Jónsson

Samtíminn í Jónasi – Jónas í samtímanum*

Jónas Jónsson frá Hriflu er vafalaust einn umdeildasti stjórnmalamaður Íslandssögunnar. Umræða um líf hans og störf vekja gjarnan sterk viðbrögð sem oft eru tilfinningaþrungin og ofstækiskennd. Þetta á ekki síst við um hin síðari ár nýfrjálshyggju og einfeltningslegrar markaðshyggju. Þessi viðbrögð segja okkur margt um tíðarandann en ekki síður ríkjandi hugmyndafræði á Íslandi, því mikið af þeim samfélagsumbótum sem Jónas og samherjar hans stóðu að eru í dag af flestum taldar sjálfsagðar og nauðsynlegar. Í þessu sambandi má nefna velferðarkerfið og uppbygging öflugs menntakerfis.

Þessi hörðu viðbrögð segja okkur einnig ýmislegt um hvernig við skoðum sögu okkar. Sjónarhorn sagnfræðinnar eins og annarra vísindagreina er ávallt lituð af áherslum samtímans hverju sinni. Til skamms tíma voru íslenskir sagnfræðingar afar uppteknir af persónusögu sjálfstæðisbaráunnar og sögu Íslendinga sem þjóðar.

Í dag eru menn uppteknari af alþjóðlegum tengslum og samanburði á sögu Íslendinga og annarra þjóða. Ég mun í þessu stutta erindi nálgast sögu Jónasar frá Hriflu út frá síðarnefnda sjónarhorninu. Fyrst langar mig þó að draga hér fram kjarnyrta tilvitnun í skrif Jónasar sem lýsir þekkingarfræðilegri afstöðu hans sjálfs.

* Erindi flutt á Jónasarvöku í Héraðsskólanum á Laugarvatni 9. júní 2007.

Árið 1915 birti Jónas greinina ‘Markaðsverð’ í 1. hefti tímaritsins Réttur. Greinin var andsvar við nýlega útkominni kennslubók Jóns Ólafssonar kennara í Verslunarskólanum, Viðskiptafræði. Í greininni skrifar Jónas: “...sannindi í stjörnufræði, eðlis- og efnafræði, jarðfræði o.s.frv. ... eru jafnviðurkennd í höllum auðmanna eins og hreysum öreiganna. En þetta góða samlyndi um sannleikann hverfur að miklu leyti í þeim fræðigreinum, sem leitast við að útskýra *félagsmálin* (les þjóðfélagið - ÍJ). Þar má segja að hver höndin sé upp á móti annarri. Hver stétt hefir svo að segja sinn sannleik, sína útskýringu á eðli félagsheildarinnar. Og það sem er einni stétt sannleikur er annarri banvænustu ósannindi. (...) Sérstaklega er rétt að gæta þess, að stéttabaráttan tefur mjög starf eiginlegra félagsfræðinga, sökum þess, að sumar stéttir vilja ekki að sannindi, sem eru þeim í óhag, verði viðurkennd, því að af þeirri viðurkenningu mundi leiða takmörkun gamalla forréttinga. Þar sem þarf að vernda þvílíka stéttahagsmuni er ekki sparað að hafa á ferli nokkurskonar vísindalega kolkrabba til að grugga leiðina og villa sýn” (bls. 33-4).

Í þessari tilvitnun kemur skýrt fram að Jónas telur að stéttarlegir hagsmunir villi mönnum sýn. En meginviðfangsefni greinarinnar er að öðru leiti tilraun Jónasar til að hafna grundvallarforsendum ný-klassískrar hagfræði um að verð vara ráðist af huglægum óskum og væntingum einstaklinganna. Jónas færði rök fyrir því að vöruverð ráðist af magni þeirrar vinnu sem nauðsynleg er í framleiðslu þeirra. Hans afstaða var í anda klassískrar, pólitískrar hagfræði.

Jónas frá Hriflu var barn síns tíma eins og sagt er. Hann var mótaður af þeirri heimspekilegu efnishyggju sem þróast hafði í Evrópu á 19. öld og byggði sýn sína á efnahagsmálin á pólitískri hagfræði eins og róttækir

umbótasinnar gerðu þá og gera enn. En það voru fleiri stefnur en þessar tvær sem höfðu áhrif á lífs- og samfélagssýn Jónasar.

Í Þingeyjasýslu voru lestrarfélögin öflug og báru með sér erlenda menningarstrauma, heimspeki- og stjórnmálarit og vísindarit. Ritakostur lestrarfélaganna rann inn í Bókasafn Suður-Þingeyinga þegar það var stofnað 1907. Meðal efnis safnsins voru ýmis höfuðrit anarkista og norræn tímarit samvinnumanna. Menningar- og stjórnmálalíf Þingeyinga var mun alþjóðlegra en menn gera sér almennt grein fyrir, en ætla má að þessi starfssemi hafi seytlað út í nágrannasýslurnar.

Við þetta bætist svo að kaupfélögin eflust jafnt og þétt á uppvaxtarárum Jónasar og voru orðin raunverulegur valkostur við verslun danskra og íslenskra kaupmanna árið 1902 þegar Samband íslenskra samvinnufélaga var stofnað.

Ýmsar aðrar alþýðuhreyfingar uxu fram á Íslandi á þessum árum og voru undir áhrifum systurhreyfinga sinna á Norðurlöndum. Hér á landi varð bindishreyfingin og ungmennahreyfingin öflug. Jónas varð einn af leiðtogum Ungmennahreyfingarinnar á Íslandi og ritstjóri Skinfxa 1910-17, en þessi hreyfing var í þá daga afar þjóðernissinnuð og stóð fyrir uppbyggingu félagsheimila, íþróttamannvirkja og jafnvel vega.

Jónas útskrifaðist úr Gagnafræðaskólanum á Akureyri 1905 og dvaldist í Danmörku, 1906-8 og kynnti sér skólamál í Þýskalandi, Frakklandi og Englandi 1908—1909 með styrk úr landssjóði en hann fór til náms í lýðháskólanum í Askov á Jótlandi 1906—1907. Hann var einnig í

kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn 1907—1908. Loks dvaldist hann eitt missiri á Ruskin College í Oxford.

Það var í Danmörku sem Jónas kynntist í raun þeirri kennslufræði sem hann aðhylltist upp frá því. Þessi kennslufræði er ákaflega nútímaleg og fólst í því að hlutverk kennarans var að leiðbeina nemendum með það að markmiði að þeir temji sér sjálfstæð vinnubrögð og þroski sköpunargáfu sína. Þetta var engin ítroðslukennsla hjá Jónasi. Þessari kennslufræði kynntist hann í Lýðháskólanum í Askov á Jótlandi 1906-7 og birti grein um hana í tímaritinu Eimreiðinni 1909. Svipuð kennslufræði var við lýði Ruskin College í Oxford.

Það var í Englandi sem Jónas kynntist stéttabaráttu og stéttastjórnámálum og þar fékk hann sína fyrirmynd að íslenska flokkakerfinu. Jónas sá fyrir sér að á Íslandi myndu verða þrír megi flokkar, þ.e. sósíalískur flokkur verkafólks, hægrisinnaður flokkur atvinnurekenda og frjálslyndur miðjuflokkur.

Það var þó ekki fyrr en 1916 sem Alþýðuflokkurinn var stofnaður, en Jónas tók þátt í stofnun hans og var einn þeirra sem skrifuðu fyrstu stefnuskrá hans. Stefnuskráin var raunar skyldari frjálshyggju John Stuart Mill en sósíalisma. Sama ár varð Framsóknarflokkurinn til sem þingflokkur, en hann varð ekki formleg fjöldahreyfing með flokksfélögum fyrr en upp úr 1930.

Framsóknarflokkurinn var frá upphafi flokkur bænda, landsbyggðar og samvinnuhreyfingar.

Jónas var afar virkur í samvinnuhreyfingunni og einn helsti hvatamaður að stofnun Samvinnuskólans sem stofnaður var 1919. Hann var ritstjóri Tímarits íslenskra samvinnufélaga frá 1917 og fjallaði um markmiðin með stofnun samvinnuskólans í grein í tímaritinu það ár.

Jónas mótaðist þannig af bæði af innlendum og erlendum hreyfingum og þjóðmálastefnum í samtíma hans, en ef til vill var félagslegur bakgrunnur hans sjálfs mesti áhrifavaldurinn í lífi hans. Hann var sonur sárfátæks bónda í fátækri sveit í Þingeyjarsýslu og hann varð ungur vitni að örbirgðinni og stéttaskiptingunni í þéttbýlinu á Akureyri og í Reykjavík. Það var því við því að búast að hann yrði félagshyggjumaður.

Í stuttu máli má segja að Jónas hafi verið félagshyggjumaður sem barðist fyrir auknum jöfnuði í samfélaginu, uppbyggingu öflugis menntakerfis, eflingu samvinnuhreyfingar og sjálfboðaliðahreyfinga á borð við ungmennafélögin. Með orðræðu nútímans getum við sagt að Jónas hafi verið talmaður þekkingarsamfélags og félagshagkerfis.

En hver er staða Jónasar frá Hriflu í samtímanum. Hvers vegna er enn þann dag í dag skrifaðar þykkar bækur um Jóans, skrifaðar greinar í blöð og tímarit og haldnar ráðstefnur um hann. Ég tel þennan mikla áhuga stafa af því að hann leitaði lausna á vandamálum sem eru sama eðlis og þau vandamál sem við fáumst stöðugt við í okkar samfélagi:

Þessi vandamál eru sérstaklega skýr í dag:

- 1) Vaxandi stéttaskipting og ójöfn tekjudreifing

- 2) Gífurlegur fólksflótti af landsbyggðinni til þéttbýlisins, þ.e. höfuðborgarsvæðisins
- 3) Vaxandi örbyrgð í dreifbýli og þéttbýli
- 4) Félagsleg vandamál, undirheimar eiturfylfja og glæpa (samanber ómennska bæjanna að mati Jónasar)
- 5) Fjárfestingar innlendra aðila skila sér illa í innlendri atvinnusköpun
- 6) Vaxandi eigna- og valdasambjöppun
- 7) Aukin fákeppni og einokun á mörkuðum
- 8) Vaxandi skilningur á mikilvægi þekkingar og menntunar fyrir hagvöxt í framtíðinni

Í stuttumáli er þróun svokallaðs markaðskerfis á Íslandi í átt að vaxandi ójafnvægi og ójöfnuði

Þetta eru sömu vandamálín og Jónas frá Hriflu og stuðningsmenn hans leituðu lausna á.

Lausnir Jónasar fólust í andsvari við einfaldri markaðshyggju og ríkishyggju, þ.e. andsvari sem ekki var einföld málamiðlun á sjónarmiðum öfga til hægri og vinstri.

Leið Jónasar má kalla ‘Þriðju leiðina’. Hún var raunverulegur valkostur en ekki miðjumóð. Þriðja leiðin var útfærð af ríkisstjórninni sem ríkti 1927-32 og því er vert að skoða aðgerðir hennar sérstaklega. Þetta var minnihluta ríkisstjórn Framsóknarflokksins sem naut stuðnings Alþýðuflokksins.

Á tímum Jónasar var heimamarkaðurinn á Íslandi ákaflega smár og er enn. Möguleikar á stóriðnaði voru litlir og höfðu þá þegar verið nýttir í sjávarútvegi. Þetta er sérstaða sem taka verður tillit til þegar Jónas byggði stjórn málaafstöðu sína gjarnan á skýrri mynd af sérstæðni íslensks samfélags og efnahagslífs. Sú hugsun kemur mjög skýrt fram í riti Jónasar **Þróun og bylting?** Þar sem hann svarar Einari Olgeirssyni og rökstyður hvers vegna ekki er mögulegt að endurtaka sovésku byltinguna á Íslandi. M.a. sagði Jónas að Ísland yrði alltaf háð inn- og útflutningi og gæti því ekki verið sjálfu sér nógt í þeim efnum. Öreigabylting á Íslandi myndi leiða til efnahagsþvingana af hálfu viðskiptalanda okkar. Lokað yrði á inn- og útflutning og það myndi leiða til efnahagslegs og samfélagslegs hruns.

En snúum okkur aftur að aðgerðum ríkisstjórnarinnar 1927-32.

Samgöngu- og fjarskiptakerfi var afar vanþróað um 1927. Fáir akvegir voru fyrir bíla og fáar góðar hafnir.

Fólk streymdi úr sveitinni á mölina í örbyrgð, húsnaðisleysi og ótrygga atvinnu. Verka fólk vann myrkranna á milli hvort sem það voru börn eða fullorðnir.

Kaupfélög voru öflug á landsbyggðinni, en þau voru öflugir fjárfestar í heimabyggð

Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar lagði áherslu á fernt:

- 1) Að auka framleiðni hefðbundinna atvinnuvega með miklum umbótum í landbúnaði og fjölgun nýbýla

- 2) Vegir, vitar og hafnir voru byggðar sem aldrei fyrr og bylting varð í strandsiglingum
- 3) Mikil áhersla var á uppbyggingu menntakerfis **bæði í þéttbýli og dreifbýli**. Sérstaka athygli í umræðunni fengu héraðsskólarnir, en mikið átak var gert í fjölgun barna- og unglingaskóla í þéttbýli, m.a. í Reykjavík. Gangfræðaskólinn á Akureyri fékk rétt til að mennta stúdenta.
- 4) Útgjöld til félags-, skóla- og heilbrigðismála jukust úr 3,8 milljónir króna 1926 í 5,3 milljónir 1930. Á sama tíma jukust tekjutilfærslur ríkisins úr 2 milljónum í 2,7 milljónir kr.

Ríkisútgjöld jukust mikið, en hafa verður í huga að tímabilið 1920 – 30 var eitt mesta hagvaxtartímabil Íslandssögunar með 4,9% hagvöxt á mann að meðaltali. Þenslan var mikil. Árið 1927 var hagvöxtur 12% og 10% 1928.

Ríkisútgjöld voru 8,6% af þjóðartekjum 1929. Á sama tíma voru ríkisútgjöld helmingi hærrí á Norðurlöndum. Í ljósi þessa samanburðar var stefna ríkisstjórnarinnar ekki öfgafull, heldur nauðsynleg stefna sem stefndi að því að koma Íslandi á sama þróunarstig og ríkti í nágrennalöndunum.

Ríkisútgjöld Íslendinga voru minni á Íslandi um 1930 en í nágrennalöndunum. Í íslenskum krónum talið voru ríkisútgjöld á mann á verðlagi ársins 1930 117 kr á Íslandi, 126 kr í Danmörku, 136 kr í Noregi og 135 kr í Svíþjóð. Ólíkt Svíþjóð og Danmörku vorðu Íslendingar engu fé til varnarmála, en um fimmtungur ríkisútgjalda Svía fóru til þessa málaflokks. Íslendingar höfðu því í raun meira fé til að leggja í

málaflokka eins og nýsköpun í atvinnulífinu og samgöngu og fjarskiptakerfi, þ.e. svokallaðs “infrastrúktúrs” eða innviða.

Íslendingar stóðu langt að baki nágrannalöndunum í uppbyggingu infrastrúktúrs/innviða. Þess vegna eyddu þeir meiru til þessarar uppbyggingar um 1930 en nágrannaþjóðirnar:

Á Íslandi var 44 krónum á mann varið til þessara mála 1930 á meðan Danir vörðu 13 kr, Norðmenn 21 kr og Svíar 28 kr.

Þegar þessi samanburður er hafður í huga hljótum við að álykta að framkvæmdir ríkisstjórnarinnar hafi verið hóflegar, en raunsæjar miðað efnahagslegar og félagslegar aðstæður á Íslandi á þessum tíma.

Í stærra samhengi má segja að ríkisstjórn Framsóknarflokksins 1927-32 hafi lagt grunninn að því hagkerfi smáfyrirtækja, sem ríkt hefur á Íslandi æ síðan. Í grófum dráttum má segja að ríkisstjórnin hafi fylgt í fótspor Dana. Í Danmörku þróaðist blómlegt smáfyrirtækjahagkerfi sem er ólíkt stóriðnaðarhagkerfi Svía og fleiri nágrannalanda. Í dag má segja að þessi leið hefur skilað Dönum hærri þjóðartekjum á mann en Svíar hafa.

Það er fróðlegt að bera saman aðgerðir ríkisstjórnar Jónasar 1927-32 og viðfangsefni stjórnmalanna í dag

Í dag eru flestir sammála því að þróun þekkingarsamfélags sé grundvallar forsenda góðra lífskjara í framtíðinni

Á undanförunum árum hafa útgjöld til rannsóknna- og þróunarstarfsemi aukist verulega og eru nú orðin um 4% af landsframleiðslu.

Mikil uppbygging er í háskólageiranum og hvers kyns endur- og símenntun

Markvisst er unnið að þróun svokallaðra þekkingarþorpa.

En, böggull fylgir skammrifi því þróun þekkingarsamfélagsins hefur fyrst og fremst orðið á höfuðborgarsvæðinu. Landsbyggðin hefur orðið útundan.

Í dag, líkt og upp úr 1927, leggja ríkisstjórnir mikla áherslu á uppbyggingu þekkingarsamfélags á landsbyggðinni. Fé hefur verið sett í þróun fyrirtækjaklasa og gerðir hafa verið vaxtarsamningar fyrir einstaka landshluta. Í náinni framtíð er ætlunin að umtalsvert fjármagn verði sett í þróun þekkingarsamfélags á landsbyggðinni ef marka má stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Öll þessi þróun og áform eru risavaxin í samanburði við stefnu Jónasar og ríkisstjórnarinnar 1927-32. En tónninn er sá sami.

Að lokum vil ég halda því fram að aðstæður í dag hafa vakið áhuga manna á samvinnufélagsforminu að nýju. Fákeppni á mörkuðum og valdasamþjöppun og gífurlegar verðhækkningar á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu gera það að verkum að samvinnufélög eru aftur orðin valdakostur.

Sagan hefur sýnt að samvinnufélög spretta upp þegar markaðir eru vanþróaðir eða hættir að virka vegna fákeppni. Í nágrannalöndunum er samvinnurekstur að eflast að nýju. Þetta á ekki síst við um Bandaríkin sem hafa verið leiðandi í þróun hinna svokölluðu ‘samvinnufélaga nýrrar kynslóðar’.

Samandregið má segja að líkt og á við um Jónas frá Hriflu, erum við í dag að leita raunsærra leiða til að þróa samfélagið og hagkerfi okkar á forsendum öflugrar menntunar og þekkingar. Í þessum efnum var Jónas enginn öfgamaður þó margir héldu því fram og gera enn.

Á hans tímum hafði ríkið úr að spila um 9% þjóðartekna. Í dag er þessi tala nærfellt 30% og yfir 40% ef talað er um útgjöld hins opinbera í heild.

Jónas frá Hriflu og Laugarvatn



JÓNASARVAKA

Laugarvatni 9. júní

DAGSETNING: 9. JÚNÍ 2007

- Kl. 11:00 SETNING VIÐ MENNTASKÓLANN:**
Halldór P. Halldórsson skólameistari ML.
Hvítbláinn dreginn að húni
- Kl. 11:10 SÖGUGANGA MEÐ LEIDSÖGN:**
Hreinn Ragnarsson kennari ML.
- Kl. 12:00 – 13:00 HÁDEGISVERÐUR Í LINDINNI**
- Kl. 13:00 MÁLÞING Í HÉRAÐSSKÓLANUM**
SETNING, KYNNING DAGSKRÁR:
Guðmundur Ólafsson hagfræðingur, fundarstjóri
SAMTÍMINN Í JÓNASI OG JÓNAS Í SAMTÍMANUM:
Ívar Jónsson prófessor Bifröst
FÓSTRI HÉRAÐSSKÓLANNA,
SKÓLAFRÖMUEÐURINN JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU:
Helgi Skúli Kjartansson prófessor KHÍ
LAUGARVATN, BORGARVIRKI STJÓRNÁLMÁLSTARFS
Guðjón Friðriksson sagnfræðingur
HÉRAÐSSKÓLINN LAUGARVATNI Á TEIKNIBORÐI
GUÐJÓNS SAMÚELSSONAR:
Pétur Ármannsson arkitekt
- Kl. 14:50 – 15:15 KAFFIHLÉ**
- Kl. 15:15 JÓNAS, FJÓLSKYLDAN OG LAUGARVATN:**
Gerður Steinþórsdóttir cand. mag.
LAUGARVATN, SKÓLASETUR Í ANDA JÓNASAR:
Kristinn Kristmundsson fv. skólameistari ML
- Kl. 16:15 – 16:45 FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR**
- Kl. 16:45 SAMANTEKT:** Guðmundur Sæmundsson aðjunkt KHÍ

Kl. 17:30 GAMLA GUFAN

Kl. 19:30 – 23:00 KVÖLDVAKA MEÐ BORÐHALDI Í LINDINNI:

MATSEÐILL: Þriggja rétta máltíð og kaffi
Verð kr.3.500.- (Aðgangseyrir innifalinn)
STJÓRNANDI KVÖLDVÖKU : Bjarni Harðarson blaðamaður
KVÖLDVAKAN hefst með fordrykknum „Laugarvatn“
ÁVARP: Drífa Kristjánsdóttir sveitarstjórnarmaður
GLÍMUSÝNING: Kjartan Lárusson fjárbóndi
GAMANMÁL OG KVEÐSKAPUR: Bjarni Þorkelsson bóndi
EINSÖNGUR: Regína Magg.

LEYNIGESTUR: Landskunnur maður

KÓRSÖNGUR OG FJÓLDASÖNGUR

DANS: Hjördís Geirsdóttir og félagar leika

Kl. 23:00 VÖKULOK: Guðmundur Guðmundsson, fr.kv.stj. Jónasarvöku

Aðgangseyrir að kvöldvöku er kr. 1.000.-

SÓNGFÉLAGAR ÚR KIRKJUKÓR LAUGDÆLA syngja við ýmsa dagskrárlíði

ÞJÓÐBÚNINGAR: Gestir eru hvattir til að koma í þjóðbúningum sínum

Dagskrá Jónasarvöku er öllum opin, meðan húsrúm leyfir

Að henni stendur hópur hollvina Héraðsskólans að

Laugarvatni

SÝNING Á MERKUM MUNUM í eigu Héraðsskólans meðan

á málþingi stendur

UPPLÝSINGAR: Guðmundur Guðmundsson,

sími 899-3267 gudgu@simnet.is

HEIÐURSGESTUR JÓNASARVÖKU ER VILHJÁL MUR

HJÁL MARSSON FRÁ BREKKU, fyrrv. menntamálaráðherra.

